

Ed. 119. Frumvarp til laga [98. mál]
um breyting á lögum nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Við 4. tölulið 29. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsliður:
Þó skulu ákvæði um kjör sjúkrahúslækna gilda frá 1. ágúst 1962.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkomulag varð um lausn á þeim vanda, er skapaðist vegna ágreinings varðandi launakjör sjúkrahúslækna, með þeim hætti, er um ræðir í tveim fréttatilkynningum ríkisstjórnarinnar, sem hér fara á eftir:

Fréttatilkynning frá ríkisstjórninni 10. nóvember 1962: „Í dag hélt heilbrigðismálaráðherra fund með formönnum Læknafélags Íslands, Læknafélags Reykjavíkur og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og nokkrum forystumönnum heilbrigðismála.

Ráðherra skýrði frá því, að ríkisstjórnin væri reiðubúin að beita sér fyrir lausn læknadeilunnar svokölluðu á þeim grundvelli, að læknum þeim, sem hlut eiga að máli, reiknist nú þegar þau kjör, sem um kann að semjast milli ríkisstjórnarinnar og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða ákveðin verða af kjaradómi samkvæmt l. nr. 55 28. apríl 1962 í stað þess, sem aðrir starfsmenn verða væntanlegra breytinga ekki aðnjótandi fyrr en 1. júlí 1963, enda lýsi Bandalag starfsmanna ríkis og bæja því yfir, að það sé samþykkt þessari sérmeðferð umræddra lækna og muni ekki byggja kröfur til annarra starfshópa á henni. Læknarnir taki þegar í stað upp sína fyrri vinnu og fái þær hækkanir, sem um kann að semjast eða kjardómur ákveður, greiddar eftir á jafnskjótt og samningar hafa tekizt eða ákvörðun kjaradóms liggur fyrir.

Formenn læknafélaganna og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja tóku að sér að koma þessum boðum áleiðis.“

Fréttatilkynning frá ríkisstjórninni 13. nóvember 1962: „Læknadeilan svokallaða hefur nú verið til lykta leidd á grundvelli tilboðs ríkisstjórnarinnar frá 10. nóvember með þeirri breytingu, að væntanlegar kjarabreytingar skuli reiknast frá 1. ágúst s. l., enda hefur stjórn B. S. R. B. lýst yfir, að það mun ekki gera kröfur fyrir hönd annarra starfsmanna þótt ríkisstjórnin samþykki að greiða sjúkrahúslæknum fyrr en öðrum laun samkvæmt væntanlegum kjarasamningi eða dómi, og samkomulag tekizt um nokkur framkvæmdaatriði lausnarinnar.“

Nauðsynlegt er að fá staðfesta með lögum þá lausn, sem um ræðir hér að framan, og er þetta frumvarp borið fram í því skyni.